

Nd.

798. Nefndarálit

[14. máí]

um frv. til byggingarlaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum og auk þess átt tvo sameiginlega fundi með félagsmálanefnd Ed.

Frv. til byggingarlaga var lagt fram á síðasta Alþingi og var þá afgreitt frá Nd., en hlaut ekki afgreiðslu í Ed.

Frv. var lagt fram á öndverðu þessu þingi lítið breytt frá því eins og það var samþ. í Nd. í fyrra, og verður nánar gerð grein fyrir því í framsögu. Ed. gerði á því ýmsar breytingar og vísast þar til nefndarálits og breytingartillagna á þskj. 368 og 369. Efnislega er um þrjú atriði að ræða, þ.e. breytingu á 6. gr. að því er varðar byggingarnefndir, þar sem horfið er frá því að lögbjóða svæðisbyggingarnefndir, breytingu á 12. gr. að því er tekur til hverjir hafa rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti og breytingu á ákvæðum um byggingarstjóra.

Félagsmálanefnd Nd. hefur fallist á tvær fyrrnefndar breytingarnar og það atriði að ákvæðin um byggingarstjóra verði heimildarákvæði. Hins vegar hefur nefndin fært þann kafla að öðru leyti í fyrra form.

Ólíkar hugmyndir hafa verið uppi um það, hvað fælist í hugtakinu byggingarstjóri samkvæmt frv. Nefndin vísar til nefndarálits á þingskjali 509 á síðasta Alþingi og framsögu fyrir nál. og ítrekar að staða byggingarstjóra sem framkvæmdastjóra er ekki réttindastaða, sem menn fá í eitt skipti fyrir öll með löggildingu, heldur nær viðurkenning byggingarnefndar á byggingarstjóra afmarkaðrar framkvæmdar aðeins til gerðar hvers mannvirkis út af fyrir sig sem byggingarleyfi er veitt fyrir.

Niður eru felldar 4 greinar og aðrar breytingartillögur eru um orðalagsbreytingar eða til samræmingar vegna brevittrar greinaröðunar.

Nefndin varð sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fylgja á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1978.

Gunnlaugur Finnsson,
form., frsm.

Stefán Valgeirsson.

Ólafur G. Einarsson.

Magnús T. Ólafsson.

Gunnar J. Friðriksson.
Geirprúður Hildur Bernhöft.

Eðvarð Sigurðsson.